



Reykjavík, 8. september 2026
USK26070157

Ægissíða 102 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa



Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. ágúst 2026 var lögð fram fyrirspurn Festis hf um niðurrifsleyfi á eldsneytisgeymum og skyggni við Ægissíðu 102.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og vinningstillaga Tripólí úr hugmyndasamkeppni 2024



Núverandi staða á reitnum.



Afmörkun á því sem sótt er um heimild til að rífa.



Reykjavík



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Ægisíðu 102 Vesturbæ og er hluti af Verslunar- og þjónustusvæði 29 (VÞ29).

Nærþjónustukjarni. Minni matvöruverslanir, bakarí, fiskbúðir og annað til daglegra þarfa innan hverfa. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga og samfélagsþjónusta auk þrífalegrar atvinnustarfsemi. Veitingastaði í flokki I og II má heimila og gististaði í flokki I–III. Opnunartími allra veitingastaða er til allt að 01.00 um helgar/frídaga. Ekki er heimilt að breyta eldra verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð í gististað. Sjá nánar kafli 5 í greinargerð aðalskipulags.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.


Skipulagslýsing janúar 2026:

Skipulagslýsing var unnin fyrir lóðin í byrjun árs 2026 en þar sem óvissa ríkir um framtíðaráform á bensínstöðvarlóðum er ekki búið að auglýsa skipulagslýsinguna.

Hugmyndasamkeppni var haldin um hönnun og skipulag á lóðinni. Trípólí arkitektar unnu samkeppnina og verður vinningstillaga þeirra lögð til grundvallar í skipulagslýsingu og deiliskipulagsvinnunni.

Áhersla verður á blandaða byggð verslunar, þjónustu og íbúða. Núverandi bygging eftir arkitektana Guðmund Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson skal standa og gert er ráð fyrir því að hún verði áfram nýtt fyrir verslun og þjónustu. Ný hús á lóðinni skulu endurspegla arkitektónísk gæði og styrkja staðarandann.

Í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur (drög, september 2022), sem unnin var í framhaldi af samningi við eigendur bensínstöðvalóða, er lagt mat á þau mannvirki sem til staðar eru á áður nefndum bensínstöðvalóðum og m.a. kortlagt sögulegt gildi þeirra í víðu samhengi. Sjónum er einnig beint að fjórum bensínafgreiðslustöðvum sem Borgarsögusafn telur hafa friðunargildi og er bensínafgreiðslustöðin að Ægisíðu 102 ein þeirra.



Teikningar frá árinu 1978. Arkitektar Guðmundur Kr. Kristinsson og Ferdinand Alfreðsson.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á niðurrifsleyfi á eldsneytisgeymum og skyggni. Í framkvæmdinni felst að grafa upp fimm eldsneytissgeyma og fara með þá í endurvinnslu. Eldsneytisgeymarnir verða tæmdir, gasfrír, hreinsaðir og meðhöndlaðir samkvæmt gildandi reglum áður en þeir verða fluttir af svæðinu. Skyggni yfir afgreiðsludælu verður tekið niður og sent í endurvinnslu.

Áætlað er að hefjast handa þann 01.09.2026 og öllu lokið þann 30.10.2026.



Reykjavík



Ástæða þess að óskað er eftir niðurrifi á skyggninu er sú að ástand þess er orðið slæmt. Vegna ástands þess er hætta á að hlutar þess losni eða gefi sig, sem getur skapað bæði hrunhættu og fokhættu. Með hliðsjón af ástandi þess er því talið öruggast að skyggnið verði fjarlæggt áður en frekara tjón verður eða slyshætta skapast.

Fyrirhugað er að fjarlægja tanka og lagnir tengdar þeim og því ákjósanlegt að nýta tækifærið og fjarlægja skyggnið í tengslum við það.

Niðurstaða

Í vinningstillögu Trípólí er gert ráð fyrir að endurgera húsið og lóðina á Ægissíðu 102 frá grunni ásamt því að minnka skyggnið frá því sem nú er.

Skipulagsfulltrúi heimilar því niðurrif á skyggni með þeim fyrirvara að skyggnið verði endurreist að hluta. Settir verða skýrir skilmálar í deiliskipulag fyrir reitinn um endurbyggingu skyggnis í takt við endurgerð hússins.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

verkefnastjóri



Reykjavík